



Gerður Helgadóttir

# FÁGUN OG ATORKA

## Punktur á yfirlitssýningu Gerðar Helgadóttur


Hugurinn reikar rúma þrjá áratugi aftur í tímann er sá er hér ritar sest niður til að fjalla um yfirlitssýningu Gerðar Helgadóttur. Honum er í fersku minni, er Gerður varð fyrst á vegi hans neðarlega á Laugaveginum og beygði svo inn í Ingólfsstræti í átt að Grundarstígunum, þar sem Handíða og Myndlistarskólinn var til húsa á þeim árum. Fyrir dularfulla tilviljun endurtók þetta sig alloft, og ég veitti einhverra hluta vegna þessari ungu stúlku sérstaka athygli. Þótti hún skera sig úr fjöldanum og horfa mikið og af athygli í kringum sig. Ég held, að hún hafi einnig tekið eftir mér, því að við mættumst svo oft á þessum slóðum og áttum það sameiginlegt að rýna mikið á fólk og umhverfið. Ég uppgötv- aði fljótlega, að þessi ákvedna, kraftalega en þó um leið fín- gerða stúlka stundaði nám í framhaldsdeild myndlistar við Handíða og Myndlistaskólann og væri býsna efnileg. Ekki minnk- aði forvitni mín á persónunni við þær fréttir því að ég þar andukt- uga virðingu fyrir þeirri stofnun,

er þá var að slíta barnskónum, og öllum þeim, er höfðu náð þeim mikla áfanga að vera teknir í framhaldsdeildina og yfirhöfuð í skólann sjálfann. Svo atvikaðist það, að ég var tekinn í smíðadeild eins og til að kanna listræna hæfileika mína. Þá vildi svo til, að Gerður gekk oft ca. 20 metrum á undan mér Ingólfs stræti á morgnana á leið í skólann, en ég þorði ekki fyrir mitt litla líf að reyna að stofna til persónulegra kynna, til þess var ég alltof feiminn og ófram- færinn á þeim árum og bar að auki svo ómældu virðingu fyrir færni hennar í myndlistinni, — þótti hún sem af öðrum heimi. Þetta var sem sagt forðum daga, er allt var miklu smærri í sniðum en í dag, fjarlægðirnar meiri og heimurinn stórkostlegt ævintýri, auk þess sem að virð- ingin fyrir þeim er fram úr skóruðu, var í hámarki.

— Þetta var og löngu fyrir dýrkun meðalmennskunnar, sameinaðs framhaldsskóla, ein- ingakerfis og innrás hálaræðra reglustrikafræðinga á öll mögu- leg svið, skólarannsóknna, kröfu- gerða nemanda, námslána o.s.frv. . .

Gerður var mjög bráðþroska á myndlistarsviðinu, svo sem skólavinna hennar er til marks um, en hluti hennar er til sýnis á yfirlitssýningunni að Kjarvals- stöðum. Er næsta ótrúlegt, hví- lika færni sumir sýndu í þá daga eftir tveggja ára nám, sem var skipulagt eftir þörfum, aðstæ- dum og hendinni hverju sinni, — námstafla var engin og því síður skriflegar útskýringar á náms- efninu né langar útlistanir fyrir- fram. Menn skyldu upplifa hlut- ina sjálfir og vandamálin voru tekin til meðferðar eftir þeirri röð, er þau komu upp, reynt að

greiða úr þeim án nokkurs viður- kennds fræðilegs staðals. Hér skipti meginmáli að þjálf- a nem- endur sem best í undirstöðu- atriðum myndlistar og menn náðu jafnvel betri árangri og voru betur undirbúnir fyrir



Stúlka, brons, Florens 1948.

framhaldsnám erlendis en eftir fjögurra ára nám í dag, sem þó er þrautskipulagt bak og fyrir.


Það mun hafa verið alveg ljóst á námsárum Gerðar, að hún átti öðru fremur heima í skúlpúlist og atvik höguðu því svo, vegna synjunar um námsstyrk til Kaupmannahafnar, að hún hélt til Flórens á Ítalíu, styrkt af samstarfsmönnum föður hennar hjá Sólumidstöð hraðfrystihú- anna. Hún tekur próf inn í Listaháskólann og „flaug inn“, að því er annálar herma.

Á sama tíma settist ég í myndlistardeild Handíðaskólans og þangað fóru fljótt að berast frægðarsögur af Gerði, fyrst frá Flórenz, þar sem hún sótti stíft á brattann, vann eins og berserkur þrátt fyrir vetrarkuldann, er nísti í merg og bein í lélegum húskynnum. Svo hagar til, að iðulega er mjög kalt í Flórenz á veturna vegna mikils skarðs í Apennínafjöllum hátt fyrir ofan borgina en í gegnum það næða óhindrað kaldir, úrsvalir vetr- arvindar ofan úr hálandinu. Gerður taldi ekki heldur nema í eitt ár í Flórenz en gerði þar ótrúlega margt fagurra mynda, ríkar af yndisþokka og form- rænni fegurð og þá þegar hefur hún oðlast þau fingerðu persónueinkenni er ganga eins og rauður þráður í gegnum feril hennar allan í hvaða stíl eða efni sem hún vann. Trúlega voru það mistök hjá Gerði, að dvelja ekki lengur á Ítalíu því að á þeim árum var höggmyndalistin þar í rífandi framþróun. Menn eins og Marinó Marini, Giacomo Manzú, Emilio Greco o.fl. höfðu sótt í smíðju hinna merkilegu Etrúska og unnu út frá þeirri reynslu á nútímavísu líkt og Henry Moore í Englandi. Allir lögðu þeir líka mikla áherzlu á

teikninguna og frumrissin, sem er atriði sem vantar mikið í íslenska skúlpúlist. Mætti jafnvel ætla að þróunarferill Gerðar hefði orðið allt annar ef hún hefði uppgötv- að þessa menn, en það er alveg óvíst að

### Myndlist

eftir BRAGA ÁSGEIRSSON



### LISTAHÁTÍÐ 1980

hún hafi vitað af þeim, og listaháskólinn í Flórenz mun hafa verið mjög ihalssamur á þeim árum. Yfirfullur af börnum ríkra manna og aðalsfélks er komu skartklædd til kennslu. Piltar jafnvel í ríndóttum dípl- ómatfötum og í oddmjóum lakkskóm og stúlkur í módelkjól- um! Þetta hefur auðvitað ekki átt við Gerði, en Flórenz er nú ekki Ítalía öll og menn lifa þar ekki endalaust á fornri frægð frekar en annars staðar.

Næst fréttist af henni í Paris, þar sem hún var orðinn nemandi hins fræga myndhöggvara Ossip Zadkine, er var þá mjög dádur og nú var hún farin að sýna á finum stöðum líkt og Galerie Saint Placide, Paris, og Salon de Mai

## Vísnaeikur

Menntaskólinn á Akureyri varð aldargamall nú í vor eins og minnst hefur verið. Það er ekki litill aldur, — jafnvel þótt þjóð- arsagan sé höfð til viðmiðunar og óratími borid saman við mannsævina. Á slíkum tímamót- um eru vitaskuld haldnar langar ræður og strangar, — og undir því líkum lestri í spróttaskem- unni á Akureyri var þessi staka ort á þjóðhátíðardaginn við skólaslitin:

Skóli, þú undarleg örlög hlaut,  
aldargamall með vetur í spori.  
Þú sáir til þroska sérhvert haust  
og sjálsagt uppskerð stúdent að vori.

Á mínum menntaskólaárum  
héldum við uppi vísnaþætti, sem  
ég veit ekki betur en hafi verið  
hinn fyrsti í Munin og var lengi  
við lýði upp úr því. Við Ari  
heitinn Jósefsson gerðum það oft  
að yrkja saman og sjálsagt  
höfum við verið ánægðir með  
sjálfa okkur eftir að hafa bögg-  
að saman „Búnaðarbalí hinum  
nýja“ í þrjú bakk og var hver  
vísa kennd við árstíðirnar. Hin  
fyrsta var tileinkuð sumrinu:

Á kirkjubekknum sálma syngur  
sveitaólkið velsignað,  
en úti í hlöðu ástarglingur  
á sér vísan samastað.

Um haustið sögðum við:

Svanir þagna, sumri hallar,  
sól að ægi hnigur rauð.  
Af blóði fyllast bóndans dallar,  
blessuð lömbin falla dauð.

Einhvern veginn finnst mér á  
þessu, að við höfum þá þegar  
verið harðir andstæðingar  
heimaslátrunar, — og líka  
ímyndað okkur, að útgangshes-  
tar væru gjarna brúkunarhross.  
Þessi vísa er um veturinn:

Í baðstofunni er bænalestur,  
bylur úti stormahregg.  
Dauðasoltinn dráttarhestur  
drepst á meðan upp við vegg.

Og í vorvísunni kennir ríkrar  
samúðar með hjarninu:

Hjarnið grætur, grænka hagar,  
gægist vor úr hamrþröng.  
Kuldabólginn kjarrvið nagar  
kalin vankarollan svöng.

Vitaskuld er maður ragur við  
að endurprenta eftir öll þessi ár  
vísur frá skólaárunum, ekki sízt  
eftir gamla vini og félaga, sem  
eiga sér einskis ills von. En fram  
há manni fer ekki, að þá eins og  
núna hefur oltið á ýmsu í henni  
veslu:

Að feigaðarósi flýtt ég glaður,  
forsjá gleymi.  
Andskotinn er yfirmaður  
alls í heimi.

Og við kunnum líka að skenska  
hver annan, eins og þessi vísa  
ber með sér, sem ort hefur verið  
um virðulegan dómara og um  
hríð sýslumann í forföllum, sem  
er nú búsettur í Hafnarfirði:

Orðin falla á ýmsa vegu  
eftir flokksins stundarhötum.  
Gleraugun sín gáfulegu  
gengur hann með á sunnudögum.

Hann borgaði aftur vel fyrir  
sig.

Fer úr böndum flimt og nið  
festu höndin tapar.  
Stírn er önd við stöku smíð,  
stjarna Blöndals hrapar.

Á þessum árum ortust á nem-  
endur úr M.A. og M.R. Jón  
Einarsson orti:

Tíminn líður áfram enn,  
ykkur þrýtur rökin.  
Ekki þreytast okkar menn  
eða linnast tókin.

Gísli Jónsson menntaskóla-  
kennari leit inn og leit raunar  
líka yfir skáldskapinn. Þá varð  
honum að orði:

Dauff er blandað dvergafull,  
dvínar andagift og snilli.  
Illa vandað sónarull  
sendist landsfjórðunga á milli

Auðvitað vorum við fullir af  
heimssorg og kvíða á þeim árum  
eins og ungir menn eru endra-  
nær. Ég man ekki hver sagði:

Dimm er mörkin. Degi hallar,  
Dapur ég geng um skóg.  
Dauðinn til mín kaldur kallar:  
Kom þú hefur lifað nógl!

En líka bráði af okkur á milli  
svo að náttúran sagði til sín:

Mér er orðin mikil þörf á meynni þýðu,  
verst er að þurfa að standa í stríðu  
við stúlkurnar um þeirra blíðu.

Og enn fremur:

Enginn veit hvað ástin má  
ef þú leitar hlýju  
úti í beitarhúsum hjá  
hýrri sveitapíu.

Á eftir svona dýrum skáldskap  
gjörir maður það ekki af gamni  
sínu að slá á léttari strengi.

Jón L. Halldórsson á Akureyri  
er fimur smíður glerhúsa:

Hvort líkist Loch Ness  
Helgu Kress  
eða Guðrúnu frá Lundi  
á sundi.


Hann bregður líka fyrir sig  
limrunni, ef því er að skipta:

Mælti Lyngný litla frá Bakka,  
„mig langar að eignast krákka  
með Halldóri Blöndal  
eða Benedikt Gröndal,  
því þeim á ég ekkert að þakka.“

Ekki verður meira kveðið að  
sinni.

H.B.

## Reiðhjól- um stolið



TVEIMUR reiðhjólum var  
stolið frá Hörðalandi 24  
fyrir um tveimur mánuðum  
síðan og þrátt fyrir ítarlega  
leit hefur aðeins annað  
hjólið fundizt fram til  
þessa. Það fannst fyrir um  
mánuði síðan í Blesugróf og  
var þá talsvert skemmt.  
Tveir bræður eiga þessi  
hjól og annar vantar ennþá  
sinn farkost. Hjólið, sem  
saknað er, er appelsínu-  
rautt á lit, en að öðru leyti  
eins og það, sem myndin er  
af. Þeir sem geta gefið  
upplýsingar um reiðhjólið  
eru beðnir að hringja í  
síma 35561.